

Merkja skal:

- A) „**Fullnægjandi**“ hafi barn fengið allar bólusetningar [skv. fyrirmælum Embætti landlæknis \(EL\)](#) miðað við aldur.

Eftir að þessi merking hefur verið skráð vaktar Ískráin bólusetningar barnsins og fái það ekki næstu reglubundnu bólusetningu breytist merkingin í „Ófullnægjandi“ næsta haust. Þegar barnið fær næstu bólusetningu uppfærist dagsetningin í reitnum.

- B) „**Ófullnægjandi**“ ef óvissa er með hvort barn hafi fengið allar bólusetningar skv. fyrirmælum EL. Þessi merking stendur á meðan SHS er að vinna í að afla gagna eða á meðan verið er að bæta úr þeim bólusetningum sem vantar. Samskipti eru skráð með því að tvísmella á „Ófullnægjandi“ og opnast þá forvalin samskipti sem hægt er að breyta. Skrá þarf í lýsingu samskiptanna hvaða bólusetningu vantar.
- C) „**Hafnað**“ eða „**Hafnað að hluta**“ ef foreldrar hafa hafnað öllum eða ákveðnum bólusetningum fyrir hönd barna sinna. Þá þarf jafnframt að skrá höfnunina í Ískrá og skrá um það samskipti. Leiðbeiningar um skráningu á höfnun er að finna [hér](#).

Börn bólusett erlendis

Bólusetningar framkvæmdar erlendis skal skrá í Sögu í ónæmisaðgerðaeininguna undir fyrri/aðrar ónæmisaðgerðir (hnöttur) en ekki í Ískrá. Skv. fyrirmælum EL telst barn óbólusett ef skrifleg staðfesting á bólusetningu liggur ekki fyrir. Þar af leiðandi má **ekki** skrá gamla bólusetningu ef ekki fæst fyrir henni skrifleg staðfesting.

Mat á upplýsingum frá foreldrum

Séu foreldrar þess fullvissir að barn er full bólusett en framvísa ekki ónæmisskírteini er hægt að skrá barnið með „Fullnægjandi“ bólusetningastöðu í Ískrá **EN** skrá þarf samskipti. Tilgreina þarf í lýsingu hvaða bólusetning er ekki skráð hérlandis í gagnagrunn. Einnig verður að gera foreldrum grein fyrir því að bólusetningin verði ekki skráð í bólusetningargrunn hér á landi.

Dæmi um útfyllingu samskipta við „Ófullnægjandi“ bólusetningar

Tílefnisflokkur: Ónæmisaðgerðir

Hjúkrunarviðfangsefni: Ófullnægjandi ónæmisaðgerð

Hjúkrunarmeðferð: Samskipti við forráðamann - Tilvísun á heilsugæslu + Eftirfylgd

Lýsing: Vantar Boostrix bólusetningu. Móðir mun fara með hann á heilsugæsluna í bólusetninguna. Fær tilvísunarblað með sér.

Markmiðið er að hafa sem minnst af „Ófullnægjandi“ bólusetningum og vinna í því á skólaárinu að gera þær „Fullnægjandi“.

Forgangshópurinn eru nemendur 10. bekkjar þar sem mikilvægt er að þeir útskrifist úr grunnskóla með „Fullnægjandi“ bólusetningar